

Ár 2010, fimmtudaginn 19. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir í forföllum Róberts Hlöðverssonar.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði. Í upphafi bauð Guðmundur Þór Jóhönnu Ýr velkomna á sinn fyrsta fund í bæjarráði.

Leitaði hann síðan eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 11. ágúst 2010.**

Í bréfinu er rætt um ársfjórðungsleg skil á upplýsingum úr bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélagsins.

Skrifstofustjóra falið að ganga frá reikningsskilunum og senda þau til Hagstofunnar. Upplýsingarnar verði jafnframt lagðar fyrir næsta bæjarráðsfund þar á eftir.

1.2. **Friðarhlaupinu frá 12. ágúst 2010.**

Í bréfinu er kynnt friðarhlaupið á Íslandi en hlaupið verður frá Reykjavík til Vestmanneyja dagana 30. ágúst til 2. september m.a. með viðkomu í Hveragerði.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Gróu Friðgeirsdóttur frá 16. ágúst 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna golfmóts til minningar um Friðgeir Kristjánsson sem haldið verður á Blómstrandi dögum.

Bæjarráð samþykkir að styrkja mótið með sama hætti og undanfarin ár.

1.4. **Ræktunarmiðstöðinni frá 16. ágúst 2010.**

Í bréfinu óskar Jóhann Ísleifsson f.h. Ræktunarmiðstöðvarinnar eftir heimild til framkvæmda og smávægilegra breytinga á landi Ræktunarmiðstöðvarinnar á svokölluðu Fagrahvammstúni.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að bréfitari opni nýja vegtengingu frá Reykjamörk og að athafnasvæði Ræktunarmiðstöðvarinnar enda verði sú framkvæmd í samræmi við gildandi deiliskipulag á svæðinu. Bréfitara er ennfremur heimilt að girða land sitt enda verði sú framkvæmd á kostnað bréfitara eins og umrædd vegtenging. Gönguleiðin yfir Fagrahvammstúnið verður færð suður fyrir girðingu þegar hún er komin upp. Bréfitara er bent á að vera í sambandi við skipulags- og byggingafulltrúa vegna nauðsynlegra leyfa til framkvæmdanna.

1.5. Ræktunarmiðstöðinni frá 16. ágúst 2010.

Í bréfinu óskar Jóhann Ísleifsson f.h. Ræktunarmiðstöðvarinnar eftir heimild til að láta bora eftir heitu vatni á landsvæði Ræktunarmiðstöðvarinnar á svokölluðu Fagrahvammsstúni og eftir leyfi til að starfrækja hitaveitu.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi bókun samhljóða:

Með sölu bæjarins á Hitaveitu Hveragerðis yfirtók Orkuveita Reykjavíkur (OR) öll réttindi bæjarins til hitaveitureksturs í Hveragerði og öll önnur réttindi sem eigninni fylgdu, sbr. samning dags. 11. 08.2004. Í sama samningi er OR veittur einkaréttur til þess að starfrækja hitaveitu sem annist dreifingu og sölu heits vatns og gufu í Hveragerði.

Bæjarráð hefur ekki umboð til þess að veita leyfi til reksturs hitaveitu í bæjarfélaginu enda er slíkt umboð háð samþykki ráðherra sem einnig veitir leyfi til nýtingar auðlinda í jörðu skv. lögum nr 57/1998. Það er skilningur bæjarráðs að landeigandi geti skv. sömu lögum leitað eftir auðlindum í jörðu til eigin nota en þá ber landeiganda að ráðfæra sig við Orkustofnun áður en framkvæmdir hefjast.

Bæjarráð bendir á að gera verður grein fyrir virkjanasvæðum (iðnaðarsvæði) í aðal- og deiliskipulagi.

2. Fjárhagsleg málefni:**2.1. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 17. ágúst 2010 vegna Tónlistarskóla Árnesinga.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna eldri nemenda í Tónlistarskóla Árnesinga.

Bæjarráð samþykkir að þeir nemendur sem þegar stunda nám í Tónlistarskóla Árnesinga og náð hafa 20 ára aldri fái til þess heimild skólaárið 2010 - 2011. Með því móti gefst þeim ráðrúm til að finna námi sínu annan farveg. Að því loknu mun Hveragerðisbær ekki lengur taka þátt í kostnaði vegna tónlistarnáms nemenda sem orðnir eru 20 ára.

2.2. Kaup á lóðinni Reykjamörk 11.

Lagt fram afsal á lóðinni Reykjamörk 11 sem bæjarstjóri hefur undirritað með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar. Fasteignin að Reykjamörk 11 hefur verið fjarlægð vegna skemmda eftir jarðskjálfta.

Bæjarráð samþykkir afsalið enda liggur fyrir samþykki ríkisvaldsins um endurgreiðslu á 90% útlagðs kostnaðar.

2.3. Minnisblað frá félagsmálastjóra frá 17. ágúst 2010 vegna leigu á Lækjarbrún 9.

Lagt fram minnisblað frá félagsmálastjóra þar sem fjallað er um beiðni aðila um leigu á Lækjarbrún 9 til 13 mánaða.

Bæjarráð samþykkir að leigja íbúðina til umræddra aðila í þrettán mánuði og að þeim verði gefinn kostur á að bjóða í íbúðina að þeim tíma liðnum og bregðast við kautilboðum á leigutímanum. Leigutaki yfirtaki jafnframt þjónustusamning við HNLFÍ á leigutímanum.

2.4. **Minnisblað frá bæjarstjóra og menningar- og frístundafulltrúa frá 17. ágúst 2010 vegna gervigrasvallar.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra og menningar- og frístundafulltrúa með upplýsingum vegna gervigrasvallar á íþróttasvæði norðan Hamars.

Meirihluti bæjarráðs lagði fram eftirfarandi tillögu:

Þegar í stað verði hafinn undirbúningur að gerð útboðsgagna vegna útboðs á jarðvegskiptum fyrir gervigrasvöll á Vorsabæjarvöllum. Verkís, sem unnið hefur að undirbúningi að byggingu mjúkhýsisins, verði falin gerð útboðsgagna.

Unnið verði eftir teikningum sem þegar liggja fyrir að mjúkhýsi á þessum sama stað og jarðvegsvinnan miði að því að það muni rísa á síðari stigum.

Að lokinni gerð útboðsgagna verði tillaga um útboð lögð fyrir bæjarráð.
Guðmundur Þór Guðjónsson
Ninna Sif Svavarsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir lagði fram eftirfarandi breytingatillögu:

Undirrituð leggur til að hafinn verði undirbúningur að lagningu óyfirbyggðs gervigrasvallar í fullri stærð strax í haust og að hætt verði við allar hugmyndir um byggingu blöðruhúss. Við hönnun vallarins verði gert ráð fyrir einfaldri yfirbyggingu t.d. stálgrindarhúsi eða límtréshúsi á síðari stigum ef það telst ákjósanlegt.

Greinargerð:

Undirrituð fagnar því að sjálfstæðismenn skuli nú taka undir tillögur A-listans um að hefja uppbyggingu gervigrasvallar við Grýluvöll núna strax í haust. Bæjarfulltrúar A-listans hafa ítrekað bent á að engin ástæða sé til að fresta þessari framkvæmd þar sem 40 mkr. sem fengust fyrir Ullapvottarstöðina hafa verið eyrnamerkta til vekefnisins. Minnihlutinn er hins vegar andvígur hugmyndum sjálfstæðismana um að s.k. blöðruhús verði reist yfir völlinn á síðari stigum. Blöðruhúsið takmarkar stærð vallarins þar sem það rýmir einungis hálfan knattspyrnuvöll. Forsvarsmenn knattspyrnudeildar Hamars hafa margoft lýst því yfir að það gagnast knattspyrnudeildinni mun betur að hafa upphitaðan óyfirbyggðan gervigrasvöll í fullri stærð í stað vallar af hálfri stærð innandyra. Taka ber tillit til þessara sjónarmiða.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Formaður bar upp tillögu minnihlutans og var hún felld með tveimur atkvæðum meirihlutans.

Tillaga meirihlutans borin upp og var hún samþykkt með tveimur atkvæðum, fulltrúi minnihlutans sat hjá. Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun með atkvæði sínu:

Við alla ákvarðanatöku í þessu máli hefur meirihlutinn haft náð samráð við forsvarsmenn Knattspyrnudeildar Hamars og KSÍ. Því koma yfirlýsingar um önnur sjónarmið þessa hóps mjög á óvart.

Ætlun meirihlutans nú er að koma til móts við óskir um æfingasvæði sem nýtist öllum sem iðka knattspyrnu í Hveragerði, bæði yngri og eldri flokkum. Mun tilkoma þess gjörbylta aðstöðu til iðkunar knattspyrnu í Hveragerði.
Guðmundur Þór Guðjónsson
Ninna Sif Svavarsdóttir

3. Starfsmanna málefni:

3.1. Bréf frá skólastjóra leikskólans Óskalands.

Lagt fram bréf frá leikskólastjóra leikskólans Óskaland frá 13. ágúst 2010 þar sem hún gerir grein fyrir þörf fyrir aukinn stuðning við nemendur skólans.

Bæjarráð samþykkir að ráðið verði í eitt stöðugildi starfsmanns. Leikskólastjóri mun tryggja að þroskaþjálfari sjái um kennslu og þroskaþjálfun þeirra barna sem á því þurfa að halda.

3.2. Minnisblað bæjarstjóra frá 17. ágúst 2010 vegna breytinga á tæknisviði.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem rætt er um breytingar á skipuriti þar sem mannvirkja- og umhverfisfulltrúi hefur látið af störfum.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram af formanni bæjarráðs:

Í ljósi þess að mannvirkja- og umhverfisstjóri hefur nú látið af störfum er lagt til að eftirfarandi breyting verði gerð á skipuriti þar til annað verður ákveðið:

Skipulags- og byggingafulltrúi taki að sér þau verkefni sem mannvirkja og umhverfisfulltrúi hafði áður með eftirfarandi undantekningu:

- Menningar- og frístundafulltrúi taki að sér alla umsjón með íþróttavöllum, þ.m.t. gervigrasvelli við íþróttahús, aðstöðuhúsi, sundlaug og íþróttahúsi. Vinnuskólinn verði á forræði menningar- og frístundafulltrúa.

Skipulags- og byggingafulltrúi verði starfsmaður mannvirkja og umhverfisnefndar.

Ennfremur er gerð tillaga um að verkstjóri Vinnuskólans starfi áfram í þrjár vikur í september að umhirðu, frágangi og almennri haustvinnu í gördum bæjarins ásamt einum sumarstarfsmanni úr vinnuskóla. Tveir sumarstarfsmenn sem samtals eru í 1,5 stöðugildum starfi einnig út september af sömu ástæðu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Tæknileg málefni:

4.1. Minnisblað bæjarstjóra frá 17. ágúst 2010 vegna kattahalds í Hveragerði.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem fram koma upplýsingar um kattahald í Hveragerði.

Bæjarráð tekur undir sjónarmið bæjarstjóra sem fram koma í minnisblaðinu og samþykkir að dýraeftirlitsmanni verði þegar falið að vinna að fækkun villikatta og ómerktra katta í samræmi við reglur Hveragerðisbæjar þar um. Bæjarráð ítrekar enn fremur að verði ekki þegar í stað viðhorfsbreyting varðandi skráningu katta og ágangi þeirra hjá nágrönnum er ljóst að grípa þarf til enn harðari aðgerða til framtíðar litið.

4.2. **Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 17. ágúst 2010 vegna Kambalands.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa vegna slæms ástands svæðis í vestur af byggðinni, í daglegu tali kallað Kambaland. Lóðarhafa hefur þegar verið send áskorun um úrbætur þar sem bent var á heimild bæjarstjórnar til beiðingar dagsekta til að knýja á um úrbætur.

Bæjarráð samþykkir tillögur skipulags- og byggingafulltrúa og munu dagsektir nema kr. 50.000,- pr. dag frá 1. október að telja.

4.3. **Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 16. ágúst 2010 vegna gatnagerðar í Heiðmörk.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa með upplýsingum vegna gatnagerðar í Heiðmörk.

Bæjarráð samþykkir að gatnagerð í Heiðmörk verði boðin út í einu almennu útboði. Magnskrá í útboðsgögnum verði skipt þannig að gerð verður sér magnskrá fyrir vestari hluta götunnar og svo magnskrá fyrir allt verkið. Þannig getur bæjarstjórn áskilið sér rétt til að taka tilboði í allt verkið eða einungis í vestari hluta götunnar. Gangstétt verði malbikuð án snjóbræðslu. Kostnaður við framkvæmdina skiptist á árin 2010 og 2011 og er kostnaði ársins í ár vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

4.4. **Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 13. ágúst 2010 vegna Umferðaröryggis.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa vegna umferðaröryggis - hraðalækkandi aðgerða / gangbrauta / götulokunar.

Bæjarráð samþykkir að nú þegar verði farið í hraðalækkandi aðgerðir í Finnmörk og Þelamörk og lokun Bláskóga að sunnanverðu í samræmi við tillögur sem fram koma í minnisblaðinu. Til viðbótar verði hraðahindrun einnig sett í Þelamörk á móts við Garðplöntusöluna Borg. Kostnaði við framkvæmdina vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

4.5. **Minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa frá 13. ágúst 2010 vegna Tæknilegra tengiskilmála Vatnsveitna.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingafulltrúa vegna tæknilegra tengiskilmála Vatnsveitna. Meðfylgjandi eru skilmálar sem vinnuhópur Samorku hefur gert.

Bæjarráð fagnar vandaðri vinnu hópsins og samþykkir skilmálana.

5. Fundargerðir:

- 5.1. **Mannvirkja- og Umhverfisnefndar frá 23. júní og 11. ágúst 2010.**
Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

6. Fundargerðir til kynningar:

- 6.1. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 13. ágúst 2010.**
6.2. **Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands frá 16. ágúst 2010.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)